

## Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2018, miðvikudaginn 2.maí kl. 9:09, var haldinn 229. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Ráðssal. Viðstödd voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Torfi Hjartarson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Sigurborg Ó Haraldsdóttir, Halldór Halldórsson, Áslaug María Friðriksdóttir, Ingvar Jónsson áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Hermannsson, Oddrún Helga Oddsdóttir og Marta Grettisdóttir. Starfsfólk skrifstofu umhverfisgæða hjá umhverfis- og skipulagssviði sitja fundinn, eftir atvikum undir liðum 1-16. Starfsfólk skrifstofu samgöngustjóra, borgarhönnunar hjá umhverfis- og skipulagssviði sitja fundinn undir liðum 17 og 18. Fjármálastjóri og skrifstofustjóri skrifstofu framkvæmda og viðhalds sitja fundinn undir liðum 24 og 25. Fundarritari var Harri Ormarsson.

### Þetta gerðist:

#### (E) Umhverfis- og samgöngumál

1. SORPA bs., fundargerð Mál nr. US130002  
Löggð fram fundargerð SORPU bs. nr. 389 frá 25. apríl 2018.
2. Skógræktarfélag Reykjavíkur,, Mál nr. US180095  
Ársskýrsla  
Framkvæmdastjóri Skógræktarfélag Reykjavíkur kynnir ársskýrslu félagsins árið 2017 dags í maí 2018.  
  
Jóhannes Benediktsson form. og Helgi Gíslason framkv.stj. taka sæti á fundinum undir þessum lið.
3. Skiltaverkefni í Heiðmörk,, kynning Mál nr. US180096  
Framkvæmdastjóri Skógræktarfélag Reykjavíkur kynnir verkefni Verkfræðistofunnar Eflu dags. 12. febrúar 2018 varðandi upplýsingaskilti í Heiðmörk  
  
Jóhannes Benediktsson form. og Helgi Gíslason fram.kv.stj taka sæti á fundinum undir þessum lið.
4. Esjustígur, kynning Mál nr. US180097  
Kynnt minnisblað Verkfræðistofunnar Eflu dags. 29. apríl 2018, staða verkefnisins kynnt og hvað er framundan.  
  
Jóhannes Benediktsson form. og Helgi Gíslason fram.kv.stj taka sæti á fundinum undir þessum lið.
5. Vinnuskólinn sumarið 2018 – 8. bekkur Mál nr. US180098  
og fjölbreyttari störf, kynning  
Skólastjóri Vinnuskólans segir frá breytingum á starfi Vinnuskólans sumarið 2018, 8. bekk og fjölbreyttari störfum.  
  
Magnús Arnar Sveinbjörnsson skólastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
6. Skógræktarstefna, kynning Mál nr. US180099  
  
Kynnt næstu skref, verkáætlun varðandi skógræktarstefnu Reykjavíkur. Einnig er lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 2. maí 2018.  
Umhverfis- og skipulagssviði falið að hefja samræður við Skógræktarfélag Reykjavíkur um sameiginleg verkefni í samræmi við niðurstöður stýrihópsins þar sem hagsmunir gætu farið saman og í framhaldi mögulegt samkomulag um slík verkefni.  
  
Þórólfur Jónsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Græna netið, kynning Mál nr. US180100  
 Kynnt staða á vinnu starfshóps um Græna netið um stöðumat og næstu skref.  
 Umhverfis- og skipulagssviði falið að gera tímasetta innleiðingaráætlun með kostnaðarmati.
- Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
8. Loftslagsmál, Loftlagstölfræði Mál nr. US180101  
 Kynning á loftslagstölfræði sem er hluti af grænu bókhaldi borgarinnar sem var samþykkt í borgarráði 22. febrúar 2018. Einnig kynning á mismunandi aðferðafræði kolefnisbindingar sem kemur fram í grænu bókhaldi umhverfis- og skipulagssviðs 2016.
- Hrönn Hrafnisdóttir sérfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið
9. Aðgerðaáætlun um aðlögun að loftslagsbreytingum, kynning Mál nr. US180116  
 Kynning á aðgerðaráætlun til aðlögunar að loftslagsbreytingum sem var samþykkt í borgarráði 21. desember 2017.
- Hrönn Hrafnisdóttir sérfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið
10. Grenndarstöðvar innan Reykjavíkur, kynning Mál nr. US180102  
 Endurgerð stöðva árið 2018, þjónusta stöðvanna og magn endurvinnsluefna
- Eygerður Margrétardóttir deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
11. Spilliefni, kynning Mál nr. US180103  
 Fyrirhuguð söfnun spilliefna við heimili í Reykjavík, kynning
- Eygerður Margrétardóttir deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
12. Gróður á opnum svæðum, kynning Mál nr. US180110  
 Kynntar áherslur í umhirðu grænna svæða í Reykjavík.
- Fulltrúi Eflu, Magnús Bjarklind, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
13. Viðburðadagskrá Grasagarðsins,, kynning Mál nr. US180105  
 Kynnt starfsemi Grasagarðsins og viðburðadagskrá 2018
- Fulltrúar Grasagarðsins, Hjörtur Þorbjörnsson og Björk Þorleifsdóttir, taka sæti á fundinum undir þessum lið.
- Kl. 11:37 vikur Áslaug María Friðriksdóttir af fundi, Herdís Anna Þorvaldsdóttir tekur sæti á fundinum á sama tíma.
- Kl.12:45 vikur Halldór Halldórsson af fundi. Þá var einnig búið að fjalla um lið nr. 20 dagskránni „Fossvogsbrú“
14. Líffræðilegur fjölbreytileiki, kynning Mál nr. US180104  
 Kynning á stöðu aðgerðaáætlunar stefnu Reykjavíkur um líffræðilega fjölbreytni. Lögð fram aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni dagsett 4. mars 2017 og stefna Reykjavíkur um líffræðilega fjölbreytni.  
 Kynnt.
- Snorri Snorrason verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
15. Sláttusvæðin - aðgerðir 2018, kynning Mál nr. US180106  
 Kynntar tillögur að svæðum sem hætt verði að slá.

Pórólfur Jónsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

16. Votlendi, endurheimt Mál nr. US180091  
Lagt fram bréf votlendissjóð dags. 23. apríl 2018 þar sem óskað er eftir stuðningi Reykjavíkurborgar við fyrirhugaða endurheimt votlendis í Úlfarsárdal. Einnig er lagt fram minnisblað varðandi endurheimt votlendis mótttekið 24. apríl 2018 og tillaga umhverfis- og skipulagsvið, skrifstofu umhverfisgæða dags. 23. apríl 2018. Tillaga umhverfis- og skipulagsvið, skrifstofu umhverfisgæða dags. 23. apríl 2018 samþykkt.  
Vísað til borgarráðs.

17. Sundlaugar, inngangar Mál nr. US180113  
Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, borgarhönnun dags. 30. apríl 2018 varðandi hönnun að nýjum setbekkjum og torgyfirbragði við innganga að sundlaugum borgarinnar. Samþykkt

Edda Ívarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

18. Útilistaverk/ Hjólið, Mál nr. US180114  
Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, borgarhönnun dags. 30. apríl 2018 varðandi kynningu á verkefninu Hjólið sem er samstarf Myndhöggvarafélagsins, Reykjavíkurborgar og Listahátíðar. Ætlunin er á næstu árum að myndhöggvarar staðsetji verk í námunda við hjólastíga í borginni. Verkefnið er svipað því sem var við strandlengjuna á sínum tíma og tókst vel til. Að þessu sinni er tekið fyrir Grensás/Háaleiti/Múlar. Samþykkt

Edda Ívarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

#### (A) Skipulagsmál

19. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Mál nr. SN010070  
Reykjavíkur, fundargerðir  
Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 27. apríl 2018.

20. Fossvogur brú, deiliskipulag (01.8) Mál nr. SN160764

Lögð fram til kynningar tillaga á vinnslustigi að nýju deiliskipulagi ásamt greinargerð dags. 30. apríl 2018 vegna lagningu brúar yfir Fossvog. Tillagan gerir ráð fyrir lagningu vegar fyrir almenningssamgöngur, hjólastígs og göngustígs, sem tengir saman Reykjavík og Kópavog yfir Fossvog. Tillagan gerir einnig ráð fyrir landfyllingu undir sitthvorum brúarendanum. Einnig lagt fram minnisblað EFLU dags. 26. apríl 2018. Tillaga á vinnslustigi dags. 30. apríl 2018 send eftirtöldum til kynningar. Borgarsögusafn, Fiskistofu, Háskólans í Reykjavík, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Isavia/Reykjavíkurflugvöllur, Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur, Landssamtaka hjólreiðarmanna, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samgöngustofu, Samtaka Sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu (SSH), Samtaka um bíllausan lífstíl, Skipulagsstofnunar, Slökkviliðiðsins á Höfuðborgarsvæðinu, Strætó BS, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar(siglingasvið) og Veitna.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri og fulltrúar Alta Þóra Kjarval og Hrafnhildur Brynjólfssdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

21. Austurheiðar, skipulagslýsing (04.4) Mál nr. SN170877  
Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju skipulagslýsing umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa dags. 14. febrúar 2018 vegna deiliskipulags fyrir Austurheiðar, útivistarsvæði. Kynning stóð til og með 12. apríl 2018. Lagðar fram umsagnir

Skipulagsstofnunar, dags. 21. mars 2018, Vegagerðarinnar, dags. 16. apríl 2018, Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 16. apríl 2018, Mosfellsbæjar, dags. 16. apríl 2018 og Minjastofnunar dags. 26. apríl 2018,

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

22. Njarðargata 25 og Urðarstígur 15, (01.186.5) Mál nr. SN170893  
breyting á deiliskipulagi  
460503-2560 Mondo ehf, Sjafnargötu 5, 101 Reykjavík  
560496-2739 Arkitektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Arkitekta Laugavegi 164 ehf. f.h. Mondo ehf. mótt. 4. desember 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nönnugöturéits vegna lóðanna nr. 25 við Njarðargötu og 15 við Urðarstíg. Í breytingunni felst m.a. að sameina lóðirnar í eina lóð fyrir fjöleignarhús, fjölga íbúðum í samtals allt að 7 íbúðir með sameiginlegu þvottahúsi, hjóla- og vagnageymslu, rífa núverandi stigahús (útbyggingar) beggja húsa og byggja nýtt sameiginlegt stigahús í viðbyggingu á garðhlið, hækka húsin umfram það sem er samþykkt í gildandi deiliskipulagi o.fl., samkvæmt uppdr. Arkitekta Laugavegi 164 ehf. dags. 4. desember 2017. Tillagan var auglýst frá 12. febrúar 2018 til og með 26. mars 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Hilda Birgisdóttir, dags. 19. mars 2018, Catharine Fulton dags. 20. mars 2018, Georg Heide Gunnarsson dags. 21. mars 2018, Rannveig Gylfadóttir og Haukur Friðbjólfsson dags. 21. mars 2018, Sjöfn Sigurgísladóttir og Stefán J. Sveinsson f.h. Landás ehf. dags. 22. mars 2018, Hugrún Árnadóttir dags. 23. mars 2018, Kjartan Kjartansson, dags. 23. mars 2018, Sveinbjörn Pálsson dags. 23. mars 2018, Hulda Guðmundsdóttir dags. 23. mars 2018, Dögg Armannsdóttir og börn, dags. 23. mars 2018, Elísabet Brekkan og Þorvaldur Friðriksson dags. 24. mars 2018, Margrét Harðardóttir, Steve Christer, Kalman Christer, Salómon Christer og Rán Christer dags. 24. mars 2018, Harpa Njáls og Guðrún Helga Pálsdóttir dags. 24. mars 2018, Drífa Armannsdóttir dags. 25. mars 2018, Sigrún Hólmgæirdóttir dags. 25. mars 2018, Olgeir Skúli Sverrisson, Sigurrós Hermannsdóttir og Bragi Leifur Hauksson dags. 25. mars 2018, Helena W Óladóttir, Theodór Welding, Þorbjörg Anna Gísladóttir og Málfríður Guðmundsdóttir dags. 25. mars 2018, Orri Páll Jóhannsson og Jóhannes Elmar Jóhannesson Lange dags. 25. mars 2018, Halla Margrét Árnadóttir f.h. íbúðar 301 á Nönnugötu 16 og Jón Arnar Árnason f.h. íbúðar 201 á Nönnugötu 16 dags. 26. mars 2018 Jósef Halldórsson dags. 26. mars 2018 og Aðalsteinn Jörundsson dags. 26. mars 2018.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 14:04 vikur Heiða Björg Hilmisdóttir af fundi.

23. Klapparstígur 29, breyting á skilmálum (01.172.0) Mál nr. SN170536  
deiliskipulags Brynjureits  
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík  
520117-0670 KS 29 ehf., Hlíðasmára 4, 201 Kópavogur  
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Yrki arkitekta ehf., dags. 27. júní 2017, varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Brynjureits vegna lóðar nr. 29 við Klapparstíg. Í breytingunni felst að heimilað er að hafa veitingastað í flokki II á jarðhæð Klapparstígs 29, samkvæmt tillögu Yrki arkitekta ehf., dags. 27. júní 2017. Tillagan var grenndarkynnt frá 10. júlí 2017 til og með 7. ágúst 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigurður Örn Hilmarsson f.h. Klapparhorns ehf. og Réttar - Aðalsteinsson & Partners ehf., dags. 4. ágúst 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. ágúst 2017. Tillagan var grenndarkynnt frá 22. mars 2018 til og með 19. apríl 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Réttur f.h. Volta ehf., Önnu Aslaugar R. Ragnar-Hoffmann og Hvanna ehf., eigenda 2-4 hæðar Klapparstígs 29, dags. 12. apríl 2018 og Réttur f.h. Klapparhorns og Réttar - Aðalsteinsson & Partners ehf. 18. apríl 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. apríl 2018. Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. apríl 2018.

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir vikur af fundi við afgreiðslu málsins.

Jón Kjartan Ágústson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

24. Vesturlandsvegur-Hallar, breytingu á (04.301.2) Mál nr. SN180095  
skilmálum deiliskipulags  
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags 16. febrúar 2018 að breytingu á skilmálum deiliskipulags Vesturlandsvegar-Hallar. Í breytingunni felst að endurskoða/breyta bílastæðaskilmálum fyrir svæðið. tillagnar var grenndarkynnt frá 22. febrúar 2018 til og með 22.mars 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Ólafur Páll Snorrason fh. H 38 ehf. dags. 13. mars 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. apríl 2018.  
Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. apríl 2018.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

25. Umhverfis- og skipulagssvið, ársuppgjör Mál nr. US180115  
2017  
Lagðar fram og kynntar greinargerðir vegna ársuppgjörs 2017 umhverfis- og skipulagssviðs fyrir árið 2017, ásamt verkstöðuskýrslu nýframkvæmda fyrir árið 2017.  
  
Hreinn Ólafsson fjármálastjóri og Ámundi v. Brynjólfsson skrifstofustjóri sitja fundinn undir þessum lið.
26. Umhverfis- og skipulagssvið, Mál nr. US130045  
innkaupaskýrsla (USK2015020003)  
Lagt fram yfirlit yfir viðskipti umhverfis- og skipulagssviðs við innkaupadeild í mars 2018.
27. Framtíðarsýn hverfisráða til 2021, tillaga Mál nr. US180094  
Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 20. apríl 2018 vegna samþykktar borgarstjórnar frá 17. apríl 2018 að vísa aðgerðum 3-10 í tillögu um framtíðarsýn hverfisráða 2021 til umsagnar fagsviða Reykjavíkurborgar.  
Vísað til meðferðar hjá skrifstofu sviðsstjóra.
28. Hraunteigur 3, kæra 61/2018 (01.360.2) Mál nr. SN180317  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík  
Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 26. apríl 2018 ásamt kæru dags. 24. apríl 2018 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 8. febrúar sl. um að veita byggingaleyfi til að byggja steinsteypt tveggja hæða einbýlishús með sambyggðri bílageymslu á lóð nr. 3 við Hraunteig. Í kæru er einnig gerð krafa um stöðvun framkvæmda. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 26. apríl 2018.
29. Hlíðarendi 2, Kæra 24/2018, umsögn (01.629.8) Mál nr. SN180113  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík  
Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 19. febrúar 2018 ásamt kæru dags. 16. febrúar 2018 þar sem kærð er ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur, dags. 21. desember 2017, um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2 við Hlíðarenda og að framkvæmdir á grundvelli deiliskipulagsbreytingarinnar verði stöðvaðar meðan málið er til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 21. febrúar 2018 um stöðvun framkvæmda. Jafnframt er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 25. apríl 2018.
30. Eikjuvogur 27, kæra 54/2018, umsögn (01.470.5) Mál nr. SN180276  
Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 13. apríl 2018 ásamt kæru dags. 11. apríl 2018 þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 27 við Eikjuvog. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 23. apríl 2018 um stöðvun framkvæmda. Jafnframt er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 25. apríl 2018.

31. Grensásvegur 16A og Síðumúli 37-39, (01.295.4) Mál nr. SN180264  
kæra 44/2018, umsögn, úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík  
Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 16. mars 2018 ásamt  
kæru dags. 13. mars 2018 þar sem kærð eru byggingarleyfi fyrir Grensásveg 16A, útgefin  
8. janúar og 14. febrúar 2018. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 4.  
apríl 2018. Jafnframt er lagður fram úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 25. apríl  
2018. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 14:50**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir  
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Torfi Hjartarson  
Herdís Anna Þorvaldsdóttir